

# EFTIRFYLGNI RÍKISENDURSKOÐUNAR:

## ÁBENDING UM KAUP Á TÆKNIÞJÓNUSTU VEGNA NORÐURLANDARÁÐSPINGS (2010)

### Eftirfylgni Ríkisendurskoðunar

Á árunum 2009 og 2010 vann Ríkisendurskoðun nokkrar úttektir á kaupum ríkisins og stofnana þess á vörum og þjónustu. Úttektirnar voru liður í samtímaeftirliti stofnunarinnar og miðuðu að því að efla aðhald með rekstri ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja ríkisins.

Meðal þessara úttekta Ríkisendurskoðunar var athugun á kaupum Alþingis á tækniþjónustu vegna Norðurlandaráðsþings sem haldið var hér á landi haustið 2010. Niðurstöðurnar voru birtar í *Ábendingu um kaup á tækniþjónustu vegna Norðurlandaráðsþings* (október 2010).

Hér er gerð grein fyrir eftirfylgniathugun Ríkisendurskoðunar vegna þessa. Við vinnslu hennar var leitað upplýsinga hjá skrifstofu Alþingis um útboð og verðfyrirspurnir við innkaup. Að auki var byggt á gögnum úr árlegri fjárhagsendurskoðun á Alþingi og fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins (Orra).

### Kaup á tækniþjónustu vegna Norðurlandaráðsþings

Norðurlandaráðsþing 2010 var haldið á tveimur hótélum í Reykjavík: Hilton Reykjavík Nordica og Grand Hótel. Skrifstofa Alþingis áætlaði að kostnaður við tækniþjónustu þingsins næmi 24,5 m.kr. af 58,6 m.kr. heildarkostnaði þess. Í þjónustunni fólst m.a. leiga og uppsetning á ýmsum búnaði.

Skrifstofa Alþingis naut aðstoðar ráðstefnufyrirtækisins Congress Reykjavík við skipulagningu þingsins. Það fyrirtæki óskaði eftir tilboði frá fyrirtækinu Exton ehf. í tækniþjónustu við þingið en Exton ehf. er samstarfsaðili Hilton Reykjavík Nordica.

Hinn 1. desember 2009 gerði Hilton Reykjavík Nordica þrjú tilboð fyrir hönd Exton ehf. og voru þau mismunandi eftir umfangi þjónustunnar, þ.e. á bilinu 64,6 m.kr. til 125,8 m.kr. Þau þóttu öll of há og því var óskað eftir nýju tilboði. Það barst 7. desember 2009 og hljóðaði upp á 59,9 m.kr. Á sama tíma var óskað eftir tilboði frá fyrirtækinu Sense ehf. Það barst 7. desember 2009 og hljóðaði upp á 19,8 m.kr. Á grundvelli þessara tilboða var ákveðið að ganga til samninga við Sense ehf. enda var tilboð fyrirtækisins þriðjungur af lægsta tilboði Exton ehf.

### Reglur um opinber innkaup

Samkvæmt lögum nr. 84/2007 um opinber innkaup ber að bjóða út öll þjónustukaup sem fara umfram tiltekin mörk. Á árinu 2010 voru þau 12,4 m.kr. Skrifstofa Alþingis taldi að ekki hefði verið skylt að bjóða út þjónustu vegna þingsins þar sem Norðurlandaráð greiddi meirihluta kostnaðar við hana.

Ríkisendurskoðun minnti á að lög um opinber innkaup eru byggð á samræmdum reglum Evrópska efnahagssvæðisins sem einnig gilda annars staðar á Norðurlöndum. Bæði íslenska ríkið og Norðurlandaráð yrðu því að hlíta þeim. Skrifstofa Alþingis væri auk þess greiðandi reikninga vegna tækniþjónustunnar þótt hún ætti endurkröfurétt á Norðurlandaráð. Skrifstofan var því hvött til að taka verklag við útboð og verðfyrirspurnir til endurskoðunar.

### Viðbrögð við ábendingu og mat á henni

Samkvæmt upplýsingum skrifstofu Alþingis er lögð áhersla á að verklag við útboð og verðfyrirspurnir í öllum framkvæmdum á vegum þingsins sé í samræmi við ábendingu Ríkisendurskoðunar. Innkaupaaðilum á vegum Alþingis er falið að gæta þess vandlega að fylgt sé reglum og leiðbeiningum þar um. Reglum um útboð verður því fylgt þegar Norðurlandaráðsþing verður næst haldið í Reykjavík, árið 2015.

Ríkisendurskoðun gerði athugun á innkaupum Alþingis á vörum og þjónustu við fjárhagsendurskoðun vegna ársins 2011. Fyrir utan hefðbundna þjónustusamninga við tölvufyrirtæki og hugbúnaðaraðila var einkum um að ræða viðhald fasteigna. Öll kaup voru undir viðmiðunarfjárhæð útboðsskyldu. Þá tók Ríkisendurskoðun saman upplýsingar um kaup Alþingis á þjónustu árið 2012 í fjárhags- og mannauðskerfi ríkisins (Orra) og eru ekki gerðar athugasemdir við þau.

**ÞAR SEM EKKI HEFUR REYNT NÆGILEGA VEL Á VERKLAG SKRIFSTOFU ALÞINGIS VIÐ ÚTBOÐ OG VERÐFYRIRSPURNIR SÍÐAN RÍKISENDURSKOÐUN KOM ÁBENDINGU SINNI Á FRAMFÆRI TELUR STOFNUNIN RÉTT AÐ FRESTA MATI SÍNU Á FRAMFYLGÐ HENNAR. MÁLIÐ VERÐUR ÞVÍ TEKIÐ UPP AÐ NÝJU AÐ LOKNU NORÐURLANDARÁÐSPINGI HÉR Á LANDI ÁRIÐ 2015.**